

# **Fundur í stjórn Foreldrafélags Akurskóla.**

**Haldinn 27. september 2009**

Mættar: Hafdís N. Hafsteinsdóttir, Kristjana Guðlaugsdóttir og Jóna Guðrún Jónsdóttir

## **1. Virkir foreldrar**

Þó nokkrir skráðu sig sem virka foreldra á námskynningarfundunum í vikunni. Enn á eftir að halda námskynningarfundi með 1.bekk og 3.-4. bekk. Jóna Guðrún mun setja saman exelskjál til að halda utan um hópinn.

## **2. Félagsfundur**

Dagskrá félagsfundar undirbúin. Kristjana verður fundarsjóri og mun kynna nýtt fyrirkomulag FFA ásamt könnuninni sem gerð var á hausatdögum meðal foreldra. Jóna Guðrún mun kynna hlutverk bekkjarfulltrúa og nefndir, ásamt því að sjá um fundarritun. Hulda mun kaupa inn fyrir vöflubaksturinn en boðið verður upp á vöflur á fundinum.

## **3. Jólaföndur og páskabingó**

Ákveðið að 6. – 7. bekkir sjái um jólaföndur og kaffisölu. 4. – 5. Bekkur sér um páskabingóið og 10. bekkur mun sjá um sölu á hettupeysunum með merki skólans.

## **4. Hettupeysur**

Hafdís hefur skoðað ýmis tilboð varðandi hettupeysurnar. Nokkur þeirra lofa mjög góðu. Hún mun reyna að fá eintök til að sýna stjórnarkonum. Rætt um að nemendur hanni mynd með merki skólans til að setja á peysurnar.

Fundi slitið.

Fundarritari: Jóna Guðrún Jónsdóttir